




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Klettaborg 2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra.....	2
Matsáætlun – gátlisti – 2020-2021.....	3
2. Innra mat deilda.....	4
2.1 Fálkaklettur.....	4
2.2 Arnarklettur.....	6
2.3 Hrafnaklettur og Kríuklettur.....	8
3. Ytra mat.....	10
4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	10
5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	11
6. Foreldrasamvinna.....	12
7. Skipulags dagar og leikskóladagatal.....	13
Dagatal foreldra 2020-2021.....	14
Fræðslustarf - áherslur deilda.....	14
8. Fylgigögn.....	15
Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	16
Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en Íslensku.....	18
Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs.....	20
9. Leikskóladagatal.....	23



Leiðarljós leikskólans

Gleði, virðing, öryggi, frjótt og skapandi málumhverfi eru leiðarljós Klettaborgar

1. Greinargerð leikskólastjóra

Á þessu skólaári hefur starfið gengið vel miðað við aðstæður svo sem stjórnendaskipti, verkfall og Covid-19. Það má segja að margt hafi tekist að gera og annað verið sett á bið þar til um hægist og því ekki verið hægt að vinna eftir starfsáætlun síðasta árs að öllu leyti. Mun því starf næsta árs taka mið af fordæmalausum tíma og verður haldið af stað með nokkuð líkar áherslur og voru í ársáætlun 2019 – 2020.

Það hefur verið mér ákaflega lærdómsríkt og um leið skemmtilegt og krefjandi að starfa sem leikskólastjóri hér í Klettaborg. Menning og allt sem henni fylgir situr hér í veggjum og er mjög áhugavert að kynnast henni. Starfsandinn er með eindæmum góður og ríkir mikil hjálpsemi og gleði meðal starfsmanna. Foreldrahópurinn er einnig afskaplega vingjarnlegur og í góðri samvinnu með börnin. Ég hef notið þess að kynnast þeim í gegnum dagleg samskipti og þakka ber bæði starfsfólki og foreldrum frábært samstarf og umburðarlyndi við erfiðar aðstæður í vetur vegna verkfalls og Covid-19.

Farið var í miklar framkvæmdir hér í byrjun árs þar sem þrjár deildir voru endurnýjaðar, þ.e. lagðar hitalagnir í gólf, skipt um dúk og allt málað. Við nýttum tækifærið og skiptum um innréttingar og bættum starfsaðstæður bæði fyrir börn og starfsfólk með því að fækka áreitum inni á deildum og allir eru nú í góðum nýjum stólum. Við gerðum líka breytingar í Glym, settum þar nýjan stóran skáp sem rúmar mjög mikið af efniviði sem deildirnar nota og geyma þar. Fyrir áramót voru teppi á gólfum þar sem börnin sitja mikið endurnýjuð. Þetta tók allt sinn tíma meðfram öllum þeim verkefnum sem við stóðum frammi fyrir en tókst vel að lokum með samvinnu og gleði í farteskinu. Það er okkar mat að leikskólinn hafi fengið flotta andlitslyftingu á 30 ára afmælinu og hann átti það svo sannarlega skilið.

Vegna Covid-19 frestuðum við 30 ára afmælisveislunni sem átti að vera í byrjun júní í endurnýjuðu húsinu og fínu lóðinni okkar um óákveðinn tíma, það verður blásið til veislu við fyrsta tækifæri. Þá frestuðum við líka náms og kynnisferð til Reading í Englandi og hefur nú verið ákveðið að fara á nánast á sama tíma á næsta ári. Vonandi engin veira þá. Sjá skóladagatal.

Farmtíðin er spennandi og björt.

Júlíana S. Hilmisdóttir



Matsáætlun – gátlisti – 2020-2021

F = fastir liðir í árlegu mati leikskólans

U = matsþættir vegna umbótaáætlunar 2020-2021

Á = matsþættir vegna áherslna í starfi leikskólans 2020-2021

Tími	Matsþáttur	Gögn	Hverjir meta	Ábyrgð	ATH
Allur veturinn	Dagskipulagið á deildum og ýmis föst verkefni	Umræðumat á deildarfundum	Deildarstarfsmenn	Deildarstjóri	F
Ágú. - sep.	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	F
Sep.-nóv.	Proskamat	TRAS	Deildarstjórar	Deildarstjóri	Á
Okt.-nóv.	Próun í máli fjöltyngdra barna	Gefðu 10	Deildarstjórar og Sérkennslustjóri	Deildarstjóri	U
Janúar	Uppl. á heimasíðu	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Desember	Einstaklingsmarkmið	Skráning	Deildir	Deildarstjóri	U
Desember	Nú er úti veður Útikennsla	Skráning og stöðumat	Deildir	Deildarstjóri	Á
Janúar	Vinátuverkefni	Stöðumat og umræður	Deildir	Deildarstjóri	Á
Janúar	Heilsuefling	Stöðumat	Teymi	Leikskólastjóri	Á
Janúar	Samstarf milli deilda	Skráning	Deildir Fk og Ak	Deildarstjóri	U
Janúar	Heimsóknadagar	Skráning	Deildir Hk og Kk	Deildarstjóri	U
Janúar	Próun í máli fjöltyngdra barna	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Á
Janúar	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar, umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjóri	Á
Janúar	Einstaklingsáætlun	Stöðumat	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	Á
Jan.-feb	Ferilmappa barnsins	Gátlisti og gögn	Allir starfsmenn	Deildarstjóri	Á
Jan.-feb	Hljóðkerfisvitund elstu börn	Gátlisti	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	F
Mar.-apr.	Þjóðsagan	Stöðumat	Allir starfsmenn	Aðstoðar-leikskólastjóri	F
Mar.-apr.	Fræðslustarfmappa v/þjóðsaga	Skráningar, umræðumat	Deildarstjórar	Aðstoðar-leikskólastjóri	F
Mar.-apr.	Proskamat	TRAS	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Apr.-maí	Próun í máli fjöltyngdra barna	Gefðu 10	Deildarstjórar og Sérkennslustjóri	Deildarstjórar	U
Maí	Þekkingarheimsóknir	Skráningar, umræðumat	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Á
Maí	Próun í máli fjöltyngdra barna	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Maí	Áætlun um málörvun og sérkennslu	Sjá umbótaáætlun	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	U
Maí	Heimsóknadagar	Skráning	Deildir	Deildarstjórar	U
Maí	Ferilmappa	Stöðumat, skráning	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Reglur	Skráning og umræður	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Einstaklingsmarkmið	Skráning	Deildir	Deildarstjórar	U
Maí	Lýðræði, þátttaka barna	Skráningar og umræðumat	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Einstaklingsáætlun	Stöðumat	Deildarstjórar	Leikskólastjóri	Á
Maí	Vinátuverkefni	Stöðumat og umræður	Deildir	Deildarstjórar	Á
Maí	Nú er úti veður Útikennsla	Skráning og stöðumat	Deildir	Deildarstjóri	Á
Maí	Heilsuefling	Stöðumat	Teymi	Leikskólastjóri	Á
Jún.-sep.	Proskamat	Íslenski proskalistinn	Mæður	Sérkennslustjóri	Á



2. Innra mat deilda

2.1 Fálkaklettur

Í haust kom inn nýr barnahópur á deildina, börn fædd 2015. Haustið fór að miklu leyti í að börnin kynntust hvert öðru og okkur, kynntust valinu, æfðu sig að fara eftir dagskipulagi og reglum deildarinnar. Fyrir áramót voru unnin ýmis verkefni í vinnustundum, eins og Lubbi finnur málbein, vináttuverkefni Barnaheilla og útikennsla. Eftir áramót féllu mikið að verkefnum niður vegna verkfalls Eflingar og vegna Covid-19.

Útikennslan fór vel af stað og var verkefnasafn sem útbúið var vegna verkefnis tengdu menntastefnu Reykjavíkurborgar nýtt í það. Farið var í gönguferðir um nærumhverfið og farið í Óðal og Gufunesbæ. Notast var við myndaskráningu fyrir útikennsluna þar sem myndir úr hverju verkefni/ferð voru prentaðar út og var mappan fyrir framan deildina fyrir foreldra og börn að skoða.

Byrjað var að lesa þjóðsöguna en vegna verkfalls Eflingar og Covid féll þjóðsöguverkefnið að miklu leyti niður og verður sagan tekin upp aftur janúar 2021.

Áfram var unnið með lýðræði og sýn barna. Í sýn barnanna kom fram að þeim fannst útiveran á veturna oft of löng og þeim orðið kalt svo útiveran var stytta þannig að allir fara inn fyrir vetraráróðina. Áfram verður unnið með sjálfstæði og lýðræði barna.

Vel gekk að viðhalda skráningum í ferilmöppu barnanna. Myndlistaverkefnum var safnað í ferilmöppur barnanna ásamt því að settar voru inn myndaskráningar þar sem börnin völdu sér sjálf 6 myndir frá veturnum.

Í umbótaáætlun ætluðum við að vinna með læsi í hefðbundnum skilningi. Í því samhengi unnum við með hljóðkerfisverkefnið Lubbi finnur málbein ásamt því að læra þulur. Við ætluðum okkur að vinna með námsefnið Sögugrunninn til að æfa þau í framsögn og sögugerð en það náðist ekki þennan veturinn.

Í umbótaráætlun ætluðum við að láta börnin setja sér sjálf markmið sem þau gætu náð yfir veturinn. Það verkefni gekk vel og settu öll börnin sér markmið og í apríl 2020 höfðu öll börnin náð sýnu markmiði. Verkefnið var myndskráð og sett í ferilmöppu. Foreldrar komu ekki að verkefninu að jafn miklu leyti og áætlað var, vegna ýmissa óviðráðanlegra þátta. Verkefnið var því sett aftur í umbótaáætlun.

Í umbótaáætlun var lögð áhersla á að koma vináttuverkefni Barnaheilla í fastari sess og hafa skipulagðar stundir tileinkaðar því verkefni. Vel gekk að festa það betur og voru Blæstundir í Glym annan hvern föstudag þar sem áherslan var lögð á vináttu.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat: Hvenær og	Viðmið um
Læsi	Vinna með læsi í hefðbundnum skilning. Auka orðaforða, þjálf hlustun og einbeitningu og efla sköpun og hugmyndaflug barnanna.	Vinna markvisst með námsefnið Sögugrunninn. Vinna áfram með Lubba, þulur og framsögn	Sep 20 til maí 21	Deildarstjóri og starfsmenn	Skráningar í vinnustundum og umræðumat á deildarfundum. Stöðumat í Des 20 og Maí 21	Að börnin geti búið til sögu og sagt hana fyrir framan aðra.
Sjálfstæði og lýðræði	Að börnin fái aukið frelsi til að hafa áhrif á starfið, bæði í leik og verkefnum	Þjóða börnunum að velja um innveru eða útiveru þegar hægt er. Vinna fleiri verkefni sem eru á þeirra forsendum og þar sem þau stjórna meira. Að börnin fái aukið sjálfstæði	Sep 20 til maí 21	Deildarstjóri og starfsmenn	Metið á deildarfundum jafnt og þétt yfir veturinn. Stöðumat í Des 20 og Maí 21	Að börnin hafi meira um eigið líf og starf að segja
Einstaklings- áætlun	Gefa börnunum tækifæri til að setja sér mælanleg markmið í samvinnu við foreldra.	Barn með aðstoð foreldri setur sér markmið fyrir veturinn sem unnið er að heima og í leik-skólanum. Markmiðin eru gerð sýnileg barninu og færð í ferilmöppu þess. Einnig fá foreldrar með sér eintak heim.	Sep 20 til maí 21	Deildarstjóri og starfsmenn	Metið á deildarfundum jafnt og þétt yfir veturinn. Stöðumat í okt 20 og feb 21	Að öll börn nái að setja sér markmið og geti uppfyllt það.
Gefðu 10	Auka samtal og samskipti við börnin.	Allir starfsmenn deildarinnar vinna markvisst með aðferðina Gefðu 10	Sep 20 til maí 21	Deildarstjóri og starfsmenn	Skráningar jafn og þétt. Samtöl á deildarfundum Stöðumat í des 20 og maí 21	Að allir kennarar eigi í samskiptum við öll börn deildarinnar.
Aukið samstarf milli deilda	Að börnin kynnist betur börnum og starfsmönnum af öðrum deildum	Hafa oftari opið flæði milli deilda og hafa heimsóknir reglulegri	Sep 20 til maí 21	Deildarstjóri og starfsmenn	Metið á deildarfundum / Starfsmanna-fundi Stöðumat í des 20 og maí 21	Að allir hafi fengið að fara að lágmarki einu sinni á aðrar deildir yfir veturinn



2.2 Arnarklettur

Starfið á Arnarkletti gekk vel í vetur sérstaklega fyrir áramót og voru verkefni fjölbreytt og skemmtileg. Verfall og Kórónuveiran settu vissulega strik í reikninginn eftir áramót en þrátt fyrir það höfum við reynt að gera okkar besta.

Læsi skipar stóran sess í starfi deildarinnar og unnum við fjölbreytt verkefni út frá því. Við höldum áfram að byggja ofan á þann grunn sem við lögðum í fyrra enda með sama barnahópinn. Unnið var m.a. með Hljóðkerfisvitundarverkefni, Lubbi finnur málbein, lestrarhópa og þulur og er árangurinn mjög sýnilegur. Orðaforði hefur aukist, börnin eru öruggari í að koma fram, þau fara með flókna texta, nokkur eru orðin læs og flest þeirra kunna öll máhljóðin og stafina. Niðurstöður úr Hljóm-2 gefa einnig vísbendingar um að þeir þættir sem við höfum lagt áherslu á skila sér í meðal- eða góðri færni í þættinum *Hljóðgreining* hjá öllum barnahópnum.

Útikennslan hélt áfram í vetur og var það tengt við verkefnið „Nú er úti veður“ sem er liður í nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við fórum m.a. í ferðir um nærumhverfið okkar ásamt því að vinna verkefni innan lóðar. Við fengum einnig tilboð frá ungmennafélaginu Fjölni um afnot af fimleikasalnum þeirra einu sinni í viku. Ferðirnar þangað voru nýttar í ýmskonar fræðslu og mátti greina að börnin þekktu greinilega betur umhverfið og gátu áttað sig á hvar þau voru stödd hverju sinni í lok verkefnisins. Einnig hefur verið skemmtilegt að sjá hvernig þau hafa yfirfært það sem þau hafa lært yfir í frjálsa leikinn jafnt úti sem inni.

Vináttuverkefni Barnaheilla er orðinn fastur liður í starfinu og hefur það gengið vel. Börnin eru orðin færari í að setja öðrum mörk og segja frá ef þeim mislíkar eitthvað. Þau nýta sér klípusögur og myndir sem við erum búin að fara yfir og yfirfæra í frjálsa leikinn. Þau eru færari í að tjá tilfinningar sínar og sýna samkennd ef eitthvað kemur upp á.

Við lögðum af stað inn í veturinn með það að markmiði að ná fram sýn barnanna á starfið og notuðum til þess demantaaðferðina. Börnin mátu m.a. verkefni og námsumhverfið sitt og munum við halda áfram næsta vetur og nýta okkur fleiri aðferðir til þess að börnin fá fleiri tækifæri til að hafa áhrif á starfið og umhverfið sitt.

Næsta vetur fáum við nýjan barnahóp og munum við halda áfram að leggja áherslu á læsi og efla okkur enn frekar í þeim verkefnum sem við höfum verið að leggja fyrir á deildinni í vetur. Lögð verður áhersla á verkefnið „Nú er úti veður“ og sá efniviður sem hefur verið útbúinn tengdur því verður nýttur enn frekar í starfi með börnunum.

Gefðu 10 aðferðin verður notuð með öllum börnum deildarinnar næsta vetur þar sem lagðir verða til grundvallar þættir úr TRAS. Gerð verður einstaklingsáætlun þar sem börnin setja sér markmið í samvinnu með foreldrum sínum. Við munum einnig leggja áherslu á meiri samvinnu milli eldri deilda en ofangreindir þættir verða settir í umbótaáætlun fyrir komandi vetur.



Umbótaþættir Deild	Markmið umbótum	með Aðgerðir umbóta	til	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um
Gefðu 10	Efla málproska og auka samskipti milli kennara og barns.	Gefðu 10 aðferðin sé notuð með öllum börnum deildarinnar. Unnið með þætti úr TRAS.		Okt '20 til mar '21	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Skráningar og umræðumat á deildarfundi jan '21 -maí '21	Niðurstöður úr TRAS.
Einstaklings- áætlun	Gefa börnunum tækifæri til að setja sér mælanleg markmið í samvinnu við foreldra.	Barn með aðstoð foreldri setur sér markmið fyrir veturinn sem unnið er að heima og í leikskólanum. Markmiðin eru gerð sýnileg barninu og færð í ferilmöppu þess. Einnig fá foreldrar með sér eintak heim.		Sep '20 til maí '21	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Stöðumat í desember '20 og maí '21. Einnig jafnt og þétt þegar markmiðum er náð.	Aukið foreldra-samstarf.
Aukið samstarf milli deilda	Að börnin kynnist betur börnum og starfsmönnum af öðrum deildum	Hafa oftari opió flæði milli deilda og hafa heimsóknir reglulegri		Sep '20 til maí '21	Deildarstjórar og starfsmenn deildar.	Umræðumat á deildarfundi Stöðumat í Des 20 og Maí 21	Að allir hafi fengið að fara að lágmarki einu sinni á aðrar deildir yfir veturinn



2.3 Hrafnaklettur og Kríuklettur

Starf deildanna gekk vel fyrir áramót og verkefni sem voru á starfsáætlun gengu eftir. Eftir áramót var annað upp á teningnum og starfið litað af verkfalli og Covid.

Þulubók myndskreytt af börnunum var unnin frá september til maí. Ein þula er valin fyrir hvern mánuð og unnið með hana í samverustundum. Þetta verkefni var í umbótaáætlun deildanna og var þulubókin nú gormuð og börnin tóku hana með heim fyrir sumarfrí. Heimsóknardagur deildanna gekk vel fyrir áramót en ekki eins vel eftir áramót. Þessi þáttur fer aftur í umbætur.

Við viljum að lestur skipi stóran sess í starfi deildanna og hefur hann verið skráður í nokkur ár í formi lestrarorms. Í haust ætlum við að tengja lesturinn við litamánuði leikskólans þannig að t.d. hringir ormsins sem tilheyra september mánuði eru grænir. Þannig fá börn og starfsfólk betri yfirsýn yfir fjölda bókatitla sem lesnir eru í hverjum mánuði. Litamánuðirnir eru 9 og því sami fjöldi lita í orminum okkar.

Í haustviðtölum með foreldrum eru sett niður markmið barnanna fyrir veturinn. Þetta gekk vel og markmiðin skráð á blað sem fer í ferilmöppu hvers barns. Það sem vantaði upp á var eftirfylgnin og aðgengi allra starfsmanna á deildinni að markmiðunum og skráning á framförum og þegar markmiði var náð. Þetta verkefni fer því í umbætur.

Á annarri deildinni var byrjað á verkefninu *Gefðu 10 sem* er einföld aðferð ætluð til þess að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Það náði ekki að festa sig í sessi og því ákveðið að innleiða og kynna betur á báðum deildum í haust. Verkefnið verður unnið með fjöltyngdum börnum deildanna.

Síðustu ár hefur verkefnið Heilbrigði og vellíðan verið unnið fyrir áramót. Þetta verkefni tengist grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla.

Í haust ætlum við að breyta til. Deildarnar verða með litla barnahópa fyrir hádegi í verkefnum sem snúa að lestri, spilum og félagsfærni. Þarna gefst tækifæri til að tengja verkefnið við TRAS listann sem er skráningarlisti fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna sem báðar deildar fylla út tvisvar á ári fyrir hvert barn.

Unnið var með reglur í vetur sem er sameiginlegt verkefni allra deilda leikskólans. Markmið þeirra var að efla jákvæða hegðun og setja mörk. Börnin tileinkuðu sér reglurnar vel og voru þær hengdar upp myndrænt á stöðum sem átti við. T.d. við matarborð, í samverustundum o.s.frv. Þetta verkefni heldur áfram og þarft að innleiða hvert haust með nýjum barnahóp.

Vináttuverkefni Barnaheilla sem byrjaði haustið 2018 heldur áfram hjá okkur og tengist Blær samverustunum deilda og samsöng í Glym á föstudögum. Frábært verkefni sem höfðar vel til barnanna.

Síðasta vetur var byrjað að innleiða verkefnið „Nú er úti veður“ í leikskólann en það er út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Í verkefninu er lögð áhersla á fjölbreytt og krefjandi útinám. Myndaskráning verður á viðfangsefnum útinámsins og verður myndunum safnað saman í möppur sem verða aðgengilegar á deildum.



Umbótaþættir Deild Hk. og Kk.	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Heimsóknardagur milli yngri deilda	Auka samvinnu og tengsl barna og starfsmanna.	Heimsóknardagur 1 sinni í viku. 5 börn og starfsmaður fari á milli deilda kl.8:45-9:30 Heimsóknar dagur ákveðinn á fimmtudögum.	Okt '20 til maí '21	Starfsmenn deilda.	Skráningarblað. Janúar '21 og maí '21	Börnin læri að þekkja leikskólann, kynnist starfsfólki og börnum á öðrum deildum og verði öruggari í aðstæðum.
Lestrarormur á deildum	Tengja lestur/ lestrarorm við litamánuði. Fjöldi bóka verður sýnilegur börnum með orminum. Einn bókartitill á hvern hring.	Bækur sem eru lesnar eru í samverustund eftir nónhressingu skráðar á viðeigandi litahring t.d. grænan fyrir september.	Sep '20 til maí '21	Starfsmenn deilda	Des '20 til maí '21 Endurmat á deildarfundum.	Að lesnar séu a.m.k. 15 bækur í hverjum litamánuði.
Einstaklingsáætlun	Eftirfylgni með markmiði hvers barns og hvenær því er náð. Skráning á framförum.	Markmið barna deildanna höfð aðgengileg fyrir starfsmenn.	Okt '20 til maí '21	Starfsmenn deilda.	Des '20 til mar '21 Endurmat á deildarfundum.	Að merkt sé við í einstaklingsáætlun hvaða markmiðum er náð og hvort/hvaða framfarir hafa náðst.
Gefðu 10	Að auka samræðu og samskipti við fjölyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál.	Að Gefðu 10 aðferðin sé notuð með öllum fjölyngdum börnum deildanna.	Okt '20 til mar '21	Starfsmenn deilda	Fara yfir skráningarblöð á deildarfundum.	Að sjá framfarir í málþroska fjölyngdu barnanna eftir að allir starfsmenn hafa gefið barninu jákvæð málörvandi samskipti í leik og starfi.



3. Ytra mat

Ytra mat var ekki framkvæmt þetta árið en við munum fylgja eftir umbótaþáttum frá ytra mati sem Menntamálastofnun gerði 2018. Munum skoða alla þætti þar og bæta ef eitthvað hefur ekki náðst.

4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Þar sem undangenginn vetur hefur einkennst af fordæmalausum aðstæðum eins og komið hefur fram þá fóru ekki formleg starfsþróunarsamtöl fram. Í kynningarviðtölum með nýjum leikskólastjóra í janúar og í byrjun febrúar var rætt um væntingar og óskir starfsmanna, þar kom fram að mikill vilji halda áfram að dýpka útikennsluverkefnið „Nú er úti veður“ sem starfsmenn eru afar stoltir af. Hefur því verið ákveðið að fá á haustdögum annað námskeið og fræðslu um útikennslu. Við munum svo viðhalda og festa í sessi þann efnivið sem til er orðinn. Verkefnastjóri yfir verkefninu mun fylgja því eftir og aðstoða eftir þörfum. Sá starfsmaður mun koma að öllum deildum í ákveðnum stundum og taka þátt í umræðum tengdum verkefninu og ræða hugmyndir á deildarfundum.

Á næsta ári verður stefnt að eftirfarandi námskeiðum/fræðslu – ýmist fyrir allan hópinn, einstaklinga eða deildir og það sem ekki náðist að klára á liðnu skólaári verður í áætlun þessa árs.

- Fræðsla um útikennslu, útinám, fleiri leiðir fyrir kennara, verkefnið „Nú er úti veður“ Menntastefna Reykjavíkur. Framhald frá fyrra ári.
- Námskeið – Verndarar barna – Barnaheill.
- Námskeið – Gefðu 10 - leiðir til að auka samræðu og samskipti við fjölyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. – Skóla og frístundasvið.
- Námsferð erlendis vorið '21

Að auki er tekið til greina áhugasvið og þarfir kennara og annarra starfsmanna til að styrkja sig í starfi og verkefnum með börnunum. Mörg náms- og fræðslutilboð koma með haustinu og þá geta starfsmenn komið með óskir um að sækja sér fræðslu.



5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leikskólans við grunnskóla og frístundarmiðstöð hverfisins hefur verið með fjölbreyttum verkefnum yfir veturinn. Dagsetningar eru settar fyrir viðburðina/verkefni að hausti í samstarfi við deildarstjóra grunnskólans og yfirmann frístundastarfsins. Hér í töflunni er stuðst við þá viðburði og verkefni sem verið hafa undanfarin ár. Í þessu verkefni taka þátt: Deildarstjóri elstu barnanna og kennarar 1. bekkjar í Hamraskóla ásamt skólastjórnendum beggja skólanna. Umsjón með verkefninu hefur Ásta Þorsteinsdóttir deildarstjóri í Klettaborg. Upphafsfundur með deildarstjóra, Ástu og 1. bekkjakennurum, dagsetningar og viðburðir ákveðnir en hér á eftir er áætlun án dagsetninga tekið mið af fyrri árum.

Tímasetning	
September	Elstu börn Klettaborgar koma í heimsókn eftir að skólatíma lýkur hjá 1. bekk. Skólastjórnendur taka á móti þeim og sýna þeim stofuna hjá 1. bekk. Börnin fá tíma til að leika sér og skoða sig um.
Október	Heimsókn í Hamraskóla samsöngur. 1 bekkur Hamraskóla kemur í heimsókn á Klettaborg tvískiptur bekkur.
Nóvember	Nemendur úr 4. bekk lesa fyrir krakkana á Klettaborg í tilefni af Degi íslenskar tungu.
Nóvember	Valtími, heimsókn í Hamraskóla og börnin taka þátt í vali með 1. bekk. 10-12 leikskólabörn fara í einu
Desember	Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur
Janúar	Foreldrafundur í Hamraskóla með leikskólastjóra og skólastjóra Hamraskóla.
Janúar – apríl	Heimsókn í frístund einu sinni í mánuði. Bryngeir umsjónarmaður frístundar og Ásta skipuleggja.
Febrúar	Heimsókn í Hamraskóla. Börnin fara með nesti og taka einnig þátt í frímínútum.
Febrúar	Heimsókn í Hamraskóla, samsöngur
Mars	Valtími í Hamraskóla í val með 1. bekk. ca 10-12 leikskólabörn fara í einu.
Apríl	Samsöngur í Hamraskóla.
Apríl – maí	Vorskóli í Hamraskóla í lok maí fyrir þau börn sem eru skráð í 1. bekk þar haustið 2019 – Ábyrgð foreldra að fara með þau í vorskólann – samstarf milli skóla að sækja þau eftir vorskólann
Maí	börn Klettaborgar og 1. bekkur hittast á skólalóð Hamraskóla í skipulögðum leikjum.



6. Foreldrasamvinna

Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við leikskólann.

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í október. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Helsta hlutverk ráðsins er að gefa umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Foreldrafélag, tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum miðað er við einn fulltrúa frá hverri deild og varamenn. Einn tengiliður frá leikskólanum situr formlega fundi með stjórnarfulltrúum þegar verkefni eru til umfjöllunar sem tengjast hefðum leikskólans og foreldrafélagsins.

Foreldrafundir að hausti eru 14. og 15. október. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.30 og eru tvær deildir saman á fundi.

Foreldrafundur með foreldrum elstu barnanna í janúar dagsetning verður auglýst með góðum fyrirvara. Það er samstarfsverkefni Hamraskóla og Klettaborgar. Sá fundur er haldinn í Hamraskóla. Frístund er með á þeim fundi.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin og auglýsa tíma með góðum fyrirvara.

Foreldrum með annað tungumál en íslensku er boðið að fá túlk í öll samskipti við leikskólann það eru helst, í fyrsta upplýsingaviðtali þegar barnið byrjar í leikskólanum, í aðlögun 1-2 sinnum á aðlögunartíma, í foreldraviðtölum, foreldrafundum og eftir þörfum. Einnig er fenginn símatúlkur ef þörf er talin á því. Foreldrar fá hljóðskrá til sín þegar vinna með árlega þjóðsögu hefst í leikskólanum, til þess að geta hlustað á söguna með barninu og heyrt hvernig þjóðsagan er á íslensku. Nýtt eru þau tilkynningablöð sem hægt er að finna á vef Reykjavíkurborgar undir „Skilaboð frá leikskóla“. Foreldrum er jafnframt bent á þær vefsíður Reykjavíkurborgar sem gætu nýst þeim.

Foreldrar frá viðburðardagatal þar sem fram koma ýmsir viðburðir ásamt skipulagsdögum og foreldrasamstarfi.



7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Dagatal leikskólans 2020-2021

Skipulagsdagar	Foreldrafundir Foreldraviðtöl	Foreldrakaffi Opið hús Afa og ömmu kaffi
20. ágúst e.h. 2. september til kl 10	<u>14. okt.</u> fundur foreldra barna á Hrafna- og Krúkletti kl 8:30-9:30	<u>21. október</u> - Ömmu og afa kaffi
18. september a.d. 5. október a.d.	<u>15. okt.</u> fundur foreldra barna á Fálka- og Arnarkletti kl 8:30-9:30	<u>4. febrúar</u> - Foreldrar í morgunmat
29. október til kl 10 20. nóvember a.d.	<u>Janúar</u> - Fundur foreldra elstu barna í samstarfi við Hamraskóla og frístund – Dagsetning verður tilkynnt síðar.	<u>20. maí</u> - Opið hús <u>27. maí</u> - Áfangagleði elstu barna
18. desember a.d. 21.+23. apríl v/námsferðar	Foreldraviðtöl eru í október og febrúar-mars	
10. maí a.d.		

Dagsetningar geta breyst og verður það tilkynnt með góðum fyrirvara.

Fundir starfsmanna:

Deildastjórafundir eru á þriðjudögum kl. 14.00 – 15.30. Deildastjórafundir sitja deildastjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.

Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild á föstudögum kl. 10.00 -10.45. Til viðbótar við deildarstarfsmenn mæta verkefnastjórar og sérkennslustjóri eftir þörfum.

Fundir hjá leikskólastjóra með leikskólakennurum, sérkennslustjóra, verkefnastjórum, leikskólaliðum og leiðbeinendum sem eru með sérverkefni verða haldnir á mánudögum eftir þörfum frá kl. 13.00 -14.00.

Nefndafundir verða haldnir á þeim vikudögum sem henta nefndinni og starfi leikskólans en ávallt á tímanum milli 13.00 -14.00.

Starfsmannafundir utan vinnutíma kl. 16.30-18.15: einn að hausti og einn að vori – dagsetningar ákveðnar síðar.



Dagatal foreldra 2020-2021

Ágúst-September	Október	Nóvember	Desember
<p><u>Grænn mánuður</u> 20. Ágúst Skipulagsdagur eftir hádegi frá kl 12:00 2. september Skipulagsdagur til kl. 10:00 11. september Höfuðfatadagur 18. september Skipulagsdagur allan daginn</p>	<p><u>Bleikur mánuður</u> 5. október Skipulagsdagur allan daginn 14. október fundur foreldra barna á Hrafna- og Kríukletti kl 8:30-9:30 15. október fundur foreldra barna á Fálka- og Arnarkletti kl 8:30-9:30 21. október Afa og ömmu kaffi, síðdegis kl 15:15-16:30 29. október Skipulagsdagur til kl. 10:00 30. október Búningadagur</p>	<p><u>Brúnn mánuður</u> 13. nóvember Öðruvísi hár dagur 16. nóvember Dagur íslenskrar tungu 20. nóvember Skipulagsdagur allan daginn</p>	<p><u>Rauður mánuður</u> Jóladaðskrá allan desember verður send heim þar sem tilgreindir eru ýmsir viðburðir og fræðsluáherslur t.d. jólaball, bókasafns/kirkjuferð, ferð í Gufunesbæ. Ath. þar fara ekki öll börn í bókasafn/kirkjuferð og Gufunesbæ. 11. desember Jólásveinahúfudagur 18. desember Skipulagsdagur allan daginn</p>

Litamánuðir – síðasta föstudag mánaðar, er skemmtilegt að allir sem geta, verði klæddir á einhvern hátt sem samræmi við litinn

Janúar	Febrúar	Mars-Apríl	Mái	Júní
<p><u>Hvítur mánuður</u> 6. janúar Prettándaball í Glym þar sem jólin eru kvödd 15. janúar Vasaljósadagur janúar Fundur foreldra elstu barna í samstarfi við Hamraskóla og frístund – fyrirvari settur við dagsetningu</p>	<p><u>Svartur mánuður</u> 4. febrúar Foreldrar í morgunmat 17. febrúar Öskudagsball í Glym</p>	<p><u>Mars:Gulur mánuður</u> 19. mars Rugl dagur <u>Apríl: Blár mánuður</u> 16. apríl Blómaball 21.+23. apríl Starfsdagur vegna námsferðar starfsmanna</p>	<p><u>Fjólublár mánuður</u> 10. maí Skipulagsdagur allan daginn 20. maí Opið hús 21. maí Sólgleraugnadagur 27. maí Áfangagleði elstu barna</p>	<p><u>Appelsínuqulur mánuður</u> 1. júní Afmælis/ Sumarhátíð</p>

Fræðslustarf - áherslur deilda

Hrafnaklettur og Kríuklettur	Fálkaklettur og Arnarklettur	Annað
<p>Lögð er áhersla á að vera í hóp. Börnin eru að æfa sig að vera saman. Í vinnustundum eru börnin til skiptis í ýmsum verkefnum inni og úti. Markviss útikennsla. Áhersla er lögð á spílastundir og lestur í litlum hópum, með áherslu félagsfærni. Í samverustundum er áhersla á söng og lestur. Unnið er með þulu í hverjum mánuði. Kríuklettur og Hrafnaklettur vinna saman með ýmiss verkefni t.d. gönguferðir.</p>	<p>Um haustið er byrjað á að vinna með hópefli, vináttu, samskipti og hjálpssemi Einnig er unnið með þulu í hverjum mánuði. Lögð er áhersla á læsi og hljóðkerfisvitund og notast er við efniviðinn <i>Lubbi finnur málbein</i>. Markviss útikennsla. Reglur leikskólans lagðar inn myndrænt</p>	<p>Allar deildir vinna með árstíðirnar. Um vorið er umferðarfræðsla. Þorablót er á Þorranum. Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Skemmtiferð elstu barnanna er í maí/júní Sveitaferð á vegum foreldrafélagsins, annað hvert ár.</p>
	<p>Elstu börn</p> <p>Um haustið er byrjað að vinna með hópefli, vináttu og samskipti. Inní þetta fléttast verkefni með talnagildi, verkefni tengd hljóðgreiningu o.fl. Inní elstu barna starfið fléttast áhersla leikskólans eftir áramót þ.e. þjóðsaga. Verkefni tengt nærumhverfi leikskólans.</p>	<p>Foreldraráð Klettaborgar Foreldrafélag Klettaborgar</p> <p>Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráðið á haustfundi foreldra í leikskólanum. Tilgangur foreldrafélagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemi er kynnt.</p>
Eftir áramót er unnið með þjóðsögu á öllum deildum		http://klettaborg.is



8. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fylgiskjal 2 – Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en Íslensku

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

30. júní 2020

Júlíana S. Hilmisdóttir



Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Skólaárið 2020-2021 var 1 barn sem fékk stuðningsúthlutun úr 2. flokk. Sérkennslustjóri / deildarstjórar höfðu utanumhald um 18 börn þennan veturinn sem fólst í stuðningi við starfsfólk deilda, samskipti við sérfræðinga Miðgarðs og annað fagfólk, gerð tilvísana og viðtalsbeiðna, gerð einstaklingsnámskráa, skýrslugerða, aðkomu að þjálfun/stuðningi við börnin og málörvun.

Mæður barna í næst elsta árgangi fylltu út Íslenska þroskalistann og Hljóm-2 var tekið á börnum í elsta árgangi. Unnið var með snemmtæka íhlutun vegna þeirra barna sem það þurftu miðað við niðurstöður úr þessum athugunum.

Gátlisti vegna sérkennslu.

Vísibending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)		
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	1 með 1 barn fl. 2	Sérkennslustjóri og allir deildarstarfsmenn bera ábyrgð á að sérkennsla fari fram. einn starfsmaður hefur sérgreint verkefni með barni.
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	Í starfsmannahandbók
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	Í starfsmannahandbók
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru reglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Samstarf er við þjónustumiðstöð, heilsugæsluna og Greiningar-og ráðgjafastöð ríkisins.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



Niðurstöður innra mats

Frá áramótum hefur sérkennsla verið á hendi deildarstjóra og starfsmanna á deildum með stuðningi frá sérfræðingum, talmeinafræðingi, sálfræðingi, þroskaþjálfara og hegðunarráðgjafa Miðgarðs. Sérkennslan hefur gengið ágætlega, öllum verið sinnt og þroskaframfarir hafa átt sér stað og eru sýnilegar hjá deildarstjórum sem gera reglulega kannanir á stöðu mála.

Innra mat fór ekki formlega fram varðandi sérkennsluna vegna veikinda sérkennslustjóra frá febrúar byrjum. Deildarstjórar hafa haldið utan um sérkennslu á sínum deildum en eins og fram hefur komið er eitt barn með stuðning í flokki 2 og fékk sinn stuðning inni á deild. Önnur börn með stuðning eru börn með málörvun og íslenskukennslu. Talmeinafræðingur frá Miðgarði hefur komið að starfi þar sem talkennslu hefur verið þörf.

Fyrirkomulag sérkennslunnar eru með þeim hætti að sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram innan deildar. Starfsfólk hefur þannig getað gripið inn í og stutt barnið í leik og daglegri iðju. Ávinningur þess sést í aukinni félagsfærni og verður þessu fyrirkomulagi haldið áfram.

Er sérkennslustjóri kemur til starfa í september mun hann gera umbótaáætlun og taka yfir það sem deildarstjórar hafa séð um í hans stað eftir áramót og hefja umbætur á því sem ástæða er til að taka fyrir eftir fundi með deildarstjórum en á hverri deild eru börn af erlendum uppruna, fjölmörg börn og íslensk börn sem þarfnast þjálfunar á málinu.

Einnig mun sérkennslustjóri ásamt teymi Miðgarðs gera áætlanir um fræðslu til starfsmanna varðandi börn með hegðunarvanda.

Börn sem hafa fengið aðkomu sérkennslu og eða frá sérfræðingi úr Miðgarði eru:

Árgangur 2017 – 3 börn.

Árgangur 2015 – 1 barn

Árgangur 2014 - 14 börn



Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en Íslensku

Í leikskólanum Klettaborg er ýtt undir að starfsfólk sækir sér fræðslu er varðar fjölmenningu og vinnu með börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku. Aðstoðarleikskólustjóri og sérkennslustjóri sækja þá fundi sem boðið hefur verið uppá á vegum borgarinnar og varða fjölmenningu og börn með annað móðurmál en íslensku.

Á hverri deild eru þjóðfánar allra þeirra landa sem börnin tengjast, þ.e. sem þau eða foreldrar þeirra koma frá og nafn landsins er einnig skrifað á því tungumáli.

Rík áhersla hefur verið á að kaupa bækur frá þeim löndum sem börn leikskólans tengjast eða sem gerast í þessum löndum.

Samstarf er við Borgarbókasafnið um að fá á leikskólann bækur frá ýmsum löndum.

Í samveru eða á öðrum vettvangi eru erlendir starfsmenn og börn (ef þau vilja) fengin til að segja eitthvað á þeim tungumálum sem þau tala (t.d. Góðan dag). Ef það er starfsmaður í húsi sem talar sama tungumál og barn með annað móðurmál en íslensku þá er hann fenginn til að tala jafnframt við barnið á því tungumáli.

Þegar námsgögn eru keypt er passað uppá að kaupa einnig spil, púsl, dúkkur o.þ.h. sem sýna fólk af mismunandi kynþáttum eða sem sýna sérkenni annarra landa.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt fjöltyngi?

Í leikskólanum er unnið með fjöltyngdar samskiptabækur, sjónrænar vísbendingar og myndrænt skipulag. Ávallt er haft í huga að það sem nýtist börnum með annað mál en íslensku nýtist öllum börnum og því er gengið út frá að framsetning efnis sé þannig að það nýtist öllum það er t.d. gert með loðtöflusögum, söngbækur eru settar upp myndrænt og umræður um veðrið og klæðnað er sett upp myndrænt.

Í bókalestri er barnahópnum skipt í fámennari hópa þannig að allir geti séð myndirnar í bókunum og hafi tækifæri til að spyrja og svara spurningum. Sérkennslustjóri setur upp málörvunarhópa sem fjöltyngd börn fara í. Áhersla lögð á að sett sé í einstaklingsnámskrá áætlun um innlögn í máli fyrir hvert barn sem hefur íslensku sem annað mál. Að öðru leyti er unnið með alla þætti málsins svipað hjá fjöltyngdum börnum og börnum með íslensku sem móðurmál og þurfi barn nánari útskýringar eða aðstoð sinnir starfsfólk því.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?

Túlkur er fenginn í foreldraviðtöl þannig að kennarar geti talað á íslensku og foreldrar skilji örugglega allt sem fram fer og geti svarað og spurt spurninga á sínu tungumáli ef þau vilja eða með því að fá aðstoð túlks þegar þau vantar orð eða skilja ekki allt. Í aðlögun hefur túlkur verið fenginn 1x á þeim 4 dögum sem aðlögunin fer fram til að auðvelda foreldrum að spyrja að því sem þau þurfa í aðlögunarferlinu.

Foreldrum með annað tungumál en íslensku hefur verið boðið að fá túlk á almenna foreldrafundi sem haldnir eru af leikskólanum eða fræðslufundi sem haldnir eru af leikskólanum. Misjafnt er hvort foreldrar telji að þeir þurfi á þessu að halda.

Foreldrar fá hljóðfæl til sín þegar vinna með árlega þjóðsögu hefst í leikskólanum, til þess að geta hlustað á söguna með barninu og heyrt hvernig þjóðsagan er á íslensku.

Nýtt eru þau tilkynningablöð sem hægt er að finna á vef Reykjavíkurborgar undir „Skilaboð frá leikskóla“. Foreldrum er jafnframt bent á þær vefsíður Reykjavíkurborgar sem gætu nýst þeim.



Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt fjöltyngi	Já	Samtöl við börnin, spil, lestur og málörvun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Skýrt mál augnsamband og endurtekningar. Orð lögð á allar athafnir.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Með lestri, spilum og leikjum sem krefjast samskipta.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Deildarfundir AEPS listinn fyrir fjögurra ára börn. TRAS. Einstaklingsmarkmið gerð í samvinnu barna og foreldra þeirra.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Samskiptabækur fara heim þar sem tenging milli heimili og skóla. Ritmálið er mjög sýnilegt í þjóðsöguverkefni sem allar deildir vinna frá áramótum.

Fjöldi og aldur barna með annað tungumál en íslensku veturinn 2019 -2020

Árgangur 2017 – 6 börn

Árgangur 2016 - 3 börn

Árgangur 2015 – 3 börn

Árgangur 2014 – 5 börn

Alls 17 börn með annað foreldri eða bæði með annað tungumál en íslensku.

Nokkur þessara barna hafa fengið þjálfun í íslensku.



Starfsáætlun 2020 – 2021
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ásgeir Guðmundsson
Fríða Björk Skúladóttir
Sif Vilhjálmsdóttir
Sigríður Sigurjónsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Leikskólaladagatal 2020-2021

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JUNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ Dælasíjónfundur	1 F	1 S	1 Þ Félagsdagagættun Dælasíjónfundur+	1 F Nýsköpun	1 M	1 M Ak förelisfundur	1 F Skv. dagur	1 L Verkaþýsdagurinn	1 Þ Almæli / Sumarhátíð	1 F
2 S	2 M Fk+Kk	2 F Ak+HK	2 M	2 M	2 Þ Dælasíjónfundur	2 Þ Dælasíjónfundur+	2 F Fosturdagurinn langi	2 S	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ Dælasíjónfundur+	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F Mótgættun músteikun	4 F	4 S Þakadagur	4 Þ Dælasíjónfundur	4 Þ	4 S
5 M	5 L	5 M Skiptilagsdagur a.d.	5 F	5 L	5 Þ Dælasíjónfundur+	5 F Dagur leikskólans	5 F Ak+HK	5 M Annar í þakunum	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ Ak förelisfundur Dælasíjónfundur+	6 F Fk+Kk	6 S	6 M Þvellingaball í Gyim	6 L	6 Þ	6 Þ Dælasíjónfundur	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 M	7 M	7 M
8 L	8 Þ Dagur læsis Dælasíjónfundur+	8 F	8 S Þerfundur gegn erelli	8 Þ Dælasíjónfundur	8 F Fk+Kk	8 M	8 M HK förelisfundur	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F Fk+Kk	9 M	9 M	9 L	9 Þ Dælasíjónfundur	9 Þ Dælasíjónfundur	9 F Ak+HK	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ Dælasíjónfundur	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M Skiptilagsdagur a.d.	10 F	10 L
11 Þ	11 F Höfufrídagur Ak+HK	11 S	11 M	11 F Jólasvein- húfudagur	11 M	11 F Dagur íslenska háskólans	11 F	11 S	11 Þ Dælasíjónfundur+	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ Dælasíjónfundur	12 F Fk+Kk	12 F Fk+Kk	12 M	12 M	12 M	12 M
13 F	13 S	13 Þ Dælasíjónfundur	13 F Örnvísí Hátdagur Ak+HK	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ Þ Dælasíjónfundur+	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M Förelisfundur HK	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ Dælasíjónfundur	15 F Förelisfundur Ak/Fk	15 S	15 Þ Dælasíjónfundur+	15 F Vassfosturdagur Ak+HK	15 M Þorlindur	15 M Kk förelisfundur	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M Dagur íslenskar náttúru	16 F Ak+HK	16 M	16 M	16 L	16 Þ Sprengdagur Óskuldur	16 Þ Dælasíjónfundur+	16 F Þíomaball Fk+Kk	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ Dælasíjónfundur+	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F Skiptilagsdagur a.d.	18 S	18 M	18 F Skiptilagsdagur a.d.	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ Dælasíjónfundur	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M HK förelisfundur	19 F	19 L	19 Þ Dælasíjónfundur+	19 F Ak+HK	19 F Ak+HK	19 M	19 M	19 M	19 M
20 F	20 S	20 Þ Dælasíjónfundur+	20 F Skiptilagsdagur a.d.	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Dælasíjónfundur	20 F Óþið hús	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M Ala og ómökkafi	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M Skiptilagsdagur a.d.	21 F Söngur augnadaður	21 M	21 M
22 L	22 Þ Dælasíjónfundur+	22 F	22 S	22 Þ Dælasíjónfundur	22 F	22 M	22 M	22 F Fk förelisfundur	22 F	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F Fk+Kk	23 M	23 M Þorlaksmeasa	23 L	23 Þ Dælasíjónfundur	23 Þ Dælasíjónfundur	23 F Skiptilagsdagur a.d. þvelli	23 S Hvílasundur	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L Fyrsti vetrindagur	24 Þ Dælasíjónfundur	24 F Aðfangadagur jóla	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvílasunnu	24 F	24 L
25 Þ	25 F Fk+HK	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ Dælasíjónfundur+	25 F	25 S
26 M	26 L Evropski lögum áráðagunum	26 M Kk förelisfundur	26 F	26 L Annar í þóum	26 Þ Dælasíjónfundur	26 F Fk+Kk	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M
27 F	27 S	27 Þ Þangaball Dælasíjónfundur	27 F Aðventan hristi	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ Dælasíjónfundur+	27 F Almangjöldi elstu barna	27 S	27 Þ
28 F	28 M Fk förelisfundur	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 M	28 M	28 M
29 L	29 Þ Dælasíjónfundur	29 F Skiptilagsdagur Ak+HK	29 S	29 Þ	29 F Ak+HK	29 M	29 M	29 F	29 Þ Dælasíjónfundur+	29 F	29 F
30 S	30 M	30 F Þorlindur	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ Dælasíjónfundur+	30 F Ak+HK	30 M	30 M	30 F
31 M	31 L	31 L	31 F	31 F Gættisdagur	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L

Skiptilagsdagur

- 20. ágúst e.h.
- 2. september til kl 10
- 18. september a.d.
- 5. október a.d.
- 29. október til kl 10
- 20. nóvember a.d.
- 18. desember a.d.
- 21.+23. apríl/víðhamsefnd
- 10. maí a.d.

Fundur starfsmanna

- Dælarfundur
- Fosturdagur kl 10:00-10:45
- Dælasíjónfundur
- Þriðjudagur kl 14:00-15:30

Förelisfundur

- 14. október og Kk kl 8:30-9:30
- 15. október og Ak kl 8:30-9:30
- Janúar - Fundur v. elstu barna í Hamarskóla. Verður auglýst síðar

Förelisfundur

- Amarráttur
- 6 - 9. október + 1 - 5. mar
- Félagráttur
- 28. sep - 2. október + 22 - 26. feb
- Hrafnaklettur
- 19 - 23. október + 8 - 12. mar
- Klukkaklettur
- 26 - 30. október + 15 - 19. mar

Förelisfundur

- 21. október - Önnu og ala kaffi
- 4. febrúar - Förelisfundur í morgunmat

Förelisfundur

- 20. maí - Óþið hús
- 27. maí - Almangjöldi elstu barna

Sérstakir dagar

- 15. jan - Vassfosturdagur
- 17. feb - Óskuldagur
- 19. mar - Rúgudagur
- 16. apr - Þíomaball
- 21. maí - Söngur augnadaður
- 1. jún - Almæli/Sumarhátíð



Umsögn foreldraráðs Klettaborgar 2020-2021

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Klettaborgar fyrir veturinn 2020-2021 og staðfestir að hún uppfyllir þau skilyrði sem SFS setur. Ófyrirséðir ytri þættir, fyrst verkfall og í kjölfarið COVID-19, hafa sett svip sinn á skólastarfið á árinu og þ.m.t. innra mat skólans.

Júlíana S. Hilmisdóttir var ráðin leikskólastjóri í byrjun árs og tókst hún á við ofangreindar aðstæður ásamt starfsfólki sínu af æðruleysi þar sem starfið var skipulagt eftir bestu getu til að röskun yrði sem minnst. Röskun á starfinu kom helst fram í skertri viðveru barnanna en grípa þurfti til hópaskiptinga þar sem börnin fengu úthlutað ákveðnum dögum í hverri viku. Einnig fækkaði vinnustundum í skipulögðu starfi en eitthvað var um að þær féllu niður á vorönn ásamt því að þjóðsöguverkefnið féll niður. Það náðist að mestu að sinna útikennslu.

Foreldraviðtölum sem ljúka átti í september 2020 samkvæmt starfsáætlun var frestað um óákveðinn tíma vegna COVID-19 en foreldrum stendur til boða að hafa samband við viðkomandi deildarstjóra ef þörf er á. Einnig falla niður árlegir foreldrafundir í október. Foreldrar verða upplýstir um starfið að mestu í gegnum tölvupósta og heimasíðu leikskólans.

Ánægjulegt er að ráðist var í endurbætur innanhúss á 30 ára afmælisári Klettaborgar sem sannarlega var þörf á. Einnig var kærkomin endurnýjun á leiktækjum á lóð ásamt lagfæringu á umhverfi þeirra. Haldið var upp á afmæli Klettaborgar með veislu fyrir börnin og starfsfólkið í endurbættum garði en vegna COVID-19 voru foreldrar fjarri góðu gamni.

Stefna og faglegt starf leikskólans er metnaðarfullt og einkennist af áhugaverðum verkefnum sem hæfa aldri og þroska barnanna. Starfsfólk sinnir fjölbreyttri símenntun og hefur áhuga á að tileinka sér nýjungar í starfi. Það sem af er haustannar heldur starfsfólk sínu striki í fjölbreyttum verkefnum með börnunum þrátt fyrir óvissutíma COVID-19.

Fyrir hönd foreldraráðs,

Ásgeir Andri Guðmundsson

Sif Vilhjálmsdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir